



Lýðræði

Lýðræði þýðir að valdið kemur frá fólkinu eða lýðnum. Framkvæmd lýðræðis getur verið flókin, en oft er annars vegar talað um fulltrúalýðræði eða óbeint lýðræði og hins vegar beint lýðræði. Fulltrúalýðræði er þegar fólk kys sér fulltrúa sem taka ákvarðanir fyrir þeirra hönd. Fulltrúalýðræði er sú aðferð sem við könnumst við í flestum nútímasamfélögum, en þá framselur fólk það valdið til kjörinna fulltrúa.

Beint lýðræði felur í sér að öll sem búa í ríkinu geta haft aðkomu að ákvarðanatöku. Lýðræði felur í sér að allir sem tilheyra viðkomandi samfélagi geti tekið þátt í að móta viðkomandi samfélag, þó svo að sumir kjósi að gera það ekki. Oft er tekið dæmi um að beint lýðræði í Aþenu til forna þar sem íbúar hittust á þar til gerðum fundum og kusu um ýmis málefni. Aftur á móti höfðu konur, þrælar og aðkomufólk ekki aðgang að slíkum fundum, svo að þessi nálgun telst ekki lýðræði í dag. Beint lýðræði hefur þótt of flókið fyrir nútímasamfélög en ýmsir hafa þó bent á möguleika tækninnar í þessu sambandi, þ.e. að hægt sé að kjósa með rafrænum kosningum um ýmis málefni.

Lýðræðisríkjum er oft stillt upp sem andstæðu við einræðisríki þar sem einræðisherra fer með völd og ekki eru haldnar kosningar. Nokkrir grunnþættir eru taldir mikilvægir svo að ríki geti talist lýðræðisríki:

- Kosningar eru frjálssar og kosningaréttur er almennur.
- Kosningar eru haldnar með reglulegu millibili.
- Öllum er frjálst að bjóða sig fram í kosningum.
- Kjörnir fulltrúar stjórnari í umboði kjósenda.
- Ákveðin borgaraleg réttindi eru tryggð svo sem tjáningarfrelsi og frelsi til að stofna félög.
- Opið aðgengi að upplýsingum og fjölmiðlafrelsi.
- Mannréttindi einstaklinga séu varin samkvæmt stjórnarskrá.

Lýðræði snýst því ekki aðeins um hvernig stjórnendur eru valdir heldur einnig um sameiginleg grunnviðmið og jafnrétti allra fyrir lögum. Lýðræði er talið ákjósanlegt stjórnarform þar sem það dragi úr líkum á kúgun þegnanna. Fólk getur gert ákveðnar körfur um það hvernig ríkisvaldið kemur fram í samskiptum sínum við borgarana.





Lýðræði innan ólíkra sviða samfélagsins

Innan sveitarfélaga á sér stað íbúalýðræði. Með íbúalýðræði er átt við að fólk sem býr á tilteknu svæði hafi aðkomu að ákvarðanatöku yfirvalda sem varðar þeirra nærumhverfi. Reykjavíkurborg leggur áherslu á að tryggja virkt samráð við alla íbúa í borginni. Borgarbúar eiga að geta haft áhrif á málefni sem þá varða. Meðal leiða sem Reykjavíkurborg nýtir til að veita borgarbúum tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri eru íbúaráð og ungmennaráð fyrir hvert hverfi, Öldungaráð sem fjallar um hagsmuni eldri borgara og aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks sem hefur að markmiði að bæta þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík með virkri aðkomu fatlaðs fólks. Íbúar geta einnig sent ábendingar í gegnum ábendingarvef borgarinnar eða sent hugmyndir inn í „Hverfið mitt“ en þar fer fram hugmyndasöfnun annað hvert ár og í kjölfarið geta íbúar kosið um fjölbreytt verkefni fyrir sitt hverfi.

Lýðræði finnst víðar en sem dæmi kemur fram í lögum um grunnskóla að starfshættir skóla skuli vera lýðræðislegir. Innan félagasamtaka og húsfélaga skal kosið um mikilvægar ákvarðanir áður en kjörin stjórn félagsins getur framkvæmt þær. Lýðræðið er því ekki bundið við afmörkuð svið tilverunnar heldur er um að ræða samveruhátt sem tekur til ólíkra sviða lífsins.

Hvernig er hægt að tryggja lýðræðislega þátttöku?

Í lýðræðisríki skiptir máli að lýðræðið sé virkt og lifandi. Mismunur, fordómar og skorður sem samfélagsgerð okkar setur getur orðið til þess að við njótum ekki öll jafnra tækifæra. Óbein mismunur getur t.d. átt sér stað við skipulagningu viðburða þar sem ekki er gætt að hjólastólaaðgengi að svæðinu. Það er lykilatriði ef tryggja á lýðræðislega þátttöku að öll eigi kost á að taka þátt í umræðunni á jafnræðisgrunni. Stór þáttur í því að skapa samfélag þar sem öll geta tekið þátt er að uppræta fordóma. Farið verður betur yfir það hvernig fordómar og hatursorðræða hefur áhrif á lýðræðislega þátttöku í kafla 4.

Heimildir:

Lýðræðisvitinn, 2021. Sara Þöll Finnbogadóttir, Eva Laufey Eggertsdóttir og Eva H. Önnudóttir. Irisvitinn.pdf (egkys.is)

Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar 2121-2030. chrome-extension://efaidnbmnnnibpcajpcglclefindmkaj/https://reykjavik.is/sites/default/files/2021-11/lydraedisstefna_loka.pdf





síðast uppfært dags. 10.7.2024

„Hvað er lýðræði?“ Ólafur Páll Jónsson. Vísindavefurinn, 27. febrúar 2009.
<http://visindavefur.is/svar.php?id=16021>.

Tryggjum lýðræðislega þátttöku: Gátlisti við skipulagningu viðburða,
Jafnréttisstofa. 2021. <https://www.jafnretti.is/is/vinumarkadur/samthaetting-kynja-og-jafnrettissjonarmida/lydraedisleg-thattaka>



Reykjavík